



Lög

Badmintonsambands Íslands

1. Badmintonsamband Íslands (BSÍ) er æðsti aðili um öll badmintonmál innan vébanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ).
2. Badmintonsamband Íslands er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga. Öll þau félög innan ÍSÍ er iðka, æfa og keppa í badminton eru aðilar að BSÍ.
3. Starf BSÍ er í meginatriðum:
 - 3.1. Að hafa yfirstjórn allra íslenskra badmintonmála.
 - 3.2. Að vinna að eflingu badmintoníþróttarinnar í landinu og útbreiðslu hennar á Íslandi.
 - 3.3. Að setja badmintoníþróttinni á Íslandi lög og reglur og að framfylgja þeim.
 - 3.4. Að sjá til þess að alþjóðlegum leikreglum og reglum BSÍ sé fylgt.
 - 3.5. Að standa fyrir badmintonmótum á Íslandi.
 - 3.6. Að standa vörð um uppeldislegt gildi badmintons og heiðarlegan leik.
 - 3.7. Að annast erlend samskipti.
 - 3.8. Að tefla fram landsliðum og félögum í alþjóðlegri keppni.
 - 3.9. BSÍ starfar að öllu leyti sjálfstætt og er hlutlaust varðandi stjórnsmál og trúarbrögð. BSÍ skal gæta jafnræðis og jafnréttis. Skulu allir vera jafnir fyrir lögum og reglugerðum BSÍ og njóta réttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.
4. BSÍ er aðili að:
 - 4.1. Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands.
 - 4.2. Badmintonsambandi Evrópu (Badminton Europe – BE).
 - 4.3. Alþjóða badmintonsambandinu (Badminton World Federation).
5. Badmintonþingið fer með æðsta vald í málefnum BSÍ. Þingið sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda BSÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags fer eftir tölu virkra iðkenda badmintons og skal miða við nýjustu fyrirliggjandi starfsskýrslur ÍSÍ. Fyrir allt að 50 koma 2 fulltrúar og síðan 1 fyrir hverja 50 eða brot úr 50 upp í allt að 200 og þá 1 fulltrúi að auki fyrir hverja 200 iðkendur þar fram yfir. Stjórn hvers héraðssambands eða íþróttabandalags þar sem badminton er stundað á rétt á einum fulltrúa. Þingið skal haldið annað hvert ár á tímabilinu 1. apríl til 1. júní. Skal boða það skriflega eða með tölvupósti með minnst eins mánaðar fyrirvara. Tillögur sem sambandsaðilar óska að teknar verði

fyrir á þinginu skulu tilkynntar stjórn BSÍ minnst 21 dögum fyrir þingið. Þá skal stjórn BSÍ, eigi síðar en 14 dögum fyrir þing, tilkynna sambandsaðilum, skriflega eða með tölvupósti, dagskrá þingsins ásamt tillögum, sem fyrir þinginu liggja. Badmintonþingið er lögmætt, ef löglega hefur verið til þess boðað. Heimilt er að badmintonþing sé pappírslaut sé hægt að koma því við.

6. Á badmintonþinginu hafa aðeins fulltrúar sambandsaðila atkvæðisrétt og skulu þeir skráðir á kjörbréf viðkomandi aðila. Auk fulltrúa eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:
 - 6.1. Stjórn BSÍ, varastjórn og skoðunarmenn.
 - 6.2. Framkvæmdastjórn ÍSÍ.
 - 6.3. Fastráðnir starfsmenn BSÍ og ÍSÍ.
 - 6.4. Fulltrúi Félags íslenskra badmintondómara.
 - 6.5. Fulltrúi Badmintonþjálfarafélags Íslands.
 - 6.6. Nefndarmenn BSÍ.
 - 6.7. Fulltrúi ráðuneytis íþróttamála.
 - 6.8. Auk þess getur stjórn BSÍ boðið öðrum aðilum þingsetu, ef hún telur ástæðu til.
7. Aukaping má halda ef nauðsyn krefur eða ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Alla boðunar- og tilkynningafresti til aukapings má hafa helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi skulu vera jafn margir og voru á næsta reglulega þingi á undan. Nýtt kjörbréf skal gefið út fyrir hvern aðila. Á aukapingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn. Þó má kjósa bráðabirgðastjórn ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt badmintonþing.
8. Störf badmintonþings eru:
 - 8.1. Þingsetning.
 - 8.2. Kosin kjörbréfanefnd, skipuð þremur aðilum, sem skal yfirfara kjörbréf og gera grein fyrir störfum sínum að þeim loknum.
 - 8.3. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
 - 8.4. Kosning fyrsta og annars þingritara.
 - 8.5. Kosnar fastar nefndir, hver og ein skipuð þremur aðilum:
 - 8.5.1. Laganefnd.
 - 8.5.2. Allsherjarnefnd.
 - 8.5.3. Fjárhagsnefnd.
 - 8.5.4. Kjörnefnd.
 - 8.6. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
 - 8.7. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga BSÍ.
 - 8.8. Umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.
 - 8.9. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun til næstu tveggja ára.
 - 8.10. Lagðar fram lagabreytingar þær sem fram hafa komið.
 - 8.11. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnarinnar.

ÞINGHLÉ

- 8.12. Nefndarálit og tillögur, umræður og atkvæðagreiðsla um fram komin mál, í þessari röð;
 - 8.12.1. Laganefnd.
 - 8.12.2. Allsherjarnefnd.
 - 8.12.3. Fjárhagsnefnd.
- 8.13. Önnur mál.
- 8.14. Tillögur kjörnefndar.
- 8.15. Kosning stjórnar sbr. 9. grein í lögum BSÍ.
- 8.16. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara.
- 8.17. Kosning fulltrúa á Íþróttþing ÍSÍ, á því þingi sem næst er í Íþróttþing.
- 8.18. Þingslit.

Fái fleiri en þeir sem kjósa á, jafn mörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum, nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa. Þingið getur með 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka fyrir mál, sem komið er fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum (sbr. 5. gr.). Stjórn skal leggja ársskýrslu BSÍ fjölritaða fyrir þingið og skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum BSÍ hana auk fundargerðar þingsins innan tveggja mánaða frá þingslitum.

9. Stjórn BSÍ skipa fimm manns, þ.e. formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og einn meðstjórnandi. Að auki skal kjósa tvo varamenn. Fyrst skal kosinn formaður til tveggja ára í senn. Síðan fjórir aðalmenn til tveggja ára í senn og loks tveir varamenn til tveggja ára í senn.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn Badminton sambandsins skulu tilkynna það bréflega eða með tölvupósti til skrifstofu BSÍ eigi síðar en 14 dögum fyrir badmintonþing. Berist ekki framboð fyrir þann tíma skal kjörnefnd hlutast til um tilnefningu aðila til stjórnarkjörs á ársþingi.

Stjórnin skal skipta með sér verkum. Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk. Aðsetur stjórnar er í Reykjavík. Reikningsár BSÍ miðast við almanaksárið.

10. Starfssvið stjórnar BSÍ er:

- 10.1. Að framkvæma ályktanir badmintonþingsins.
- 10.2. Að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
- 10.3. Að setja reglugerðir varðandi íþróttina.
- 10.4. Að raða niður og ákveða stað og tíma fyrir mót á vegum BSÍ.
- 10.5. Að hafa á hendi þær framkvæmdir, sem undir sambandið heyra.
- 10.6. Að sjá um að farið sé eftir viðurkenndum badmintonreglum og lögum sambandsins.
- 10.7. Að ákveða stund og stað fyrir badmintonþing.
- 10.8. Að tilnefna fulltrúa og varafulltrúa á ársþing ÍSÍ.
- 10.9. Að stuðla að og líta eftir opnum mótum.
- 10.10. Að skipa í starfsnefndir strax að loknu badmintonþingi og setja nefndunum erindisbréf.
- 10.11. Að taka ákvarðanir um heiðursveitingar.

Formaður BSÍ boðar stjórnarfundi og stjórnar þeim.

11. Á tímabilinu frá 15. apríl til 15. september ár hvert skal stjórn BSÍ boða til formannafundar allra þeirra félaga sem aðilar eru að BSÍ. Á fundinum gerir stjórnin grein fyrir störfum sínum og áætlun um starfið fram til næsta þings eða formannafundar. Kynnt skal starf nefnda auk þess sem lögð skal fram mótaskrá komandi keppnistímabils. Það ár sem badmintonþing er ekki haldið leggur stjórn BSÍ fram endurskoðaða ársreikninga sambandsins fyrir næsta reikningsár á undan ásamt fjárhagsáætlun næsta árs til kynningar.
12. Með öll ágreinings- og kærumál innan badmintonhreyfingarinnar skal farið skv. 4. kafla í lögum ÍSí um dómstóla ÍSí.
13. BSÍ skal í samráði við hlutaðeigandi íþróttahéruð vinna að stofnun nýrra sérráða.
14. Tillögur um að leggja BSÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmætu badmintonþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu þarf minnst $\frac{3}{4}$ atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslu og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulegs þings. Verði tillagan samþykkt aftur, er það fullgild ákörðun um að leggja BSÍ niður. Skal þá afhenda ÍSí eignir BSÍ til varðveislu.
15. Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSí hefur staðfest þau. (Samþykkt á 48. ársþingi BSÍ, þann 6. maí 2016).